

12. september 2002

Fyrirsvar við gerð og endurskoðun kjarasamninga opinberra starfsmanna

Haga má fyrirsvari af hálfu ríkisins í kjarasamningagerð við opinbera starfsmenn með ýmsum hætti og kemur í ljós við norrænan samburð.

Hér á landi gera lög ráð fyrir því að fjármálaráðherra sé hinn opinberi vinnuveitandi þegar kemur að samningum um kaup og kjör opinberra starfsmanna. Samninganefnd ríkisins annast samningsgerðina fyrir hönd fjármálaráðherra. Hvert og eitt stéttarfélag fer með samningsrétt fyrir sína félagsmenn. Með kjarasamningunum 1997 var framkvæmd kjarasamningsgerðarinnar að hluta færð til stofnana ríkisins með svonefndum stofnanasamningum.

Í Danmörku er fyrirsvar ríkisins hjá fjármálaráðuneytinu, sem hefur falið sérstakri stofnun, Personalestyrelsen, verkefnið. Það eru heildarsamtök stéttarféлага og fjármálaráðherra sem gera kjarasamninga. Samtökin starfa saman í sérstöku bandalagi. Frá árinu 1987 hefur ákveðin dreifstýring átt sér stað þar sem sífellt stærri hluta launasummunnar er ráðstafað staðbundið eða með vinnustaðasamningum.

Í Svíþjóð annast sérstök ríkisstofnun, Arbetsgivarverket, fyrirsvarið. Aðild að henni eiga um 270 ríkisstofnanir sem standa undir rekstrinum með sérstöku iðgjaldi. Stofnunin er ekki háð ríkisstjórninni eða öðrum stjórnvöldum. Arbetsgivarverket gerir kjarasamninga við heildarsamtök launþega um tiltekinn launaramma en önnur starfskjör eru sameiginleg. Þegar samningur er kominn á um launarammann er komin á friðarskylda, einnig gagnvart þeim hluta rammans sem ráðstafað verður staðbundið eða innan ákveðins geira.

Í Finnlandi fer sérstök deild í fjármálaráðuneytinu með samningsaðild fyrir ríkið. Heildarsamtök ríkisstarfsmanna hafa með sér bandalag við samningsgerðina. Fjármálaráðherra þarf að staðfesta kjarasamninga og að auki sérstök nefnd þjóðþingsins ef þeir rúmast ekki innan fjárlagarammans. Á ædstu stígum stjórnsýslunnar eru einnig gerðir kjarasamningar við einstaka hópa og stéttarfélög sem eru utan heildarsamtakanna.

Í Noregi fer sérstakt ráðuneyti, Arbeids- og administrasjonsdepartementet með fyrirsvarið. Viðræður um laun og önnur starfskjör flestra ríkisstarfsmanna fara fram á milli ríkisins og bandalags heildarsamtaka þeirra. Greint er á milli heildarkjarasamnings og sérkjarasamninga. Þegar samkomulag hefur náðst um heildarkjarasamninginn er komin á friðarskylda. Úrlausn ágreiningsatriða vegna sérkjarasamninga lýtur úrlausnar sérstakrar nefndar.

Endurnýjunarþörf bílaflotans


Vegna viðbragða við umfjöllun í síðasta vefriti um innflutning bíla þykir rétt að skýra nánar hvernig endurnýjunarþörf bílaflotans hefur verið metin. Hún er að sjálfsögðu afstætt hugtak, enda koma til ýmsir þættir aðrir en beint slit og úreling bílanna sjálfra.

Sú reiknaðferð sem beitt er byggir á því að skoða fólksbílaflotann eftir árgerð og hversu margir bílar eru afskráðir af hverri árgerð á hverju ári. Þetta hefur verið gert fyrir 3 síðastliðin áramót. Hlutfall afskráðra bíla af hverri árgerð myndar nokkurs konar "dánarlíkur" fyrir hverja árgerð. Ekki er reiknað með bílum sem eru afskráðir og síðan endurskráðir. Síðan er árgerðum breytt í aldur og reiknað hversu miklar líkur eru á því að 0 ára bíll verði 1 árs, 1 árs verði 2ja ára o.s.frv. Niðurstöður úr því fyrir undanfarin þrjú áramót eru sýndar á myndinni.

Samkvæmt þessu nær næstum því 90% bílaflotans að verða 10 ára en ekki nema 50% verða eldri en 15 ára. Eftir 20 ár eru 20% eftir. Þegar þessu hlutfalli er beitt á bílaflotann eins og hann er samsettur nú eftir aldri er hægt að reikna hvern mikið fækkar í honum á hverju ári. Sú tala er mælikvarði á endurnýjunarþörf flotans. Hún er um það bil 7-7.500 bílar á ári.

Efnahagsástand hefur að sjálfsögðu mikið að segja: þegar kreppir að draga menn við sig að endurnýja bíla. Þá má atla að bílar sem verið er að framleiða núna endist betur en bílar sem voru framleiddir fyrir 10 eða 20 árum. Því kann

Hlutfall afskrifaðra fólksbíla af hverjum árgangi



Heimild: Skráningarstofan

að orka tvímæls, a.m.k. til lengri tíma að framreikna endingu flotans út frá því hvernig hann endist nú. Engu að síður gefur sú aðferð sem hér hefur verið notuð áhugaverða vísbendingu um hversu marga bíla þarf að flytja inn til þess að halda fjölda bíla stöðugum. Við þær aðstæður sem ríkja hér á landi er tæpast við því að búast að bílum á hvern íbúa fjölgi nema af illri nauðsyn enda eru þeir nú þegar með því hæsta sem til er.

Ólögmat innkaup opinberra aðila?

Almenn sátt ríkir um að innkaup opinberra aðila lúti sérstökum reglum til að tryggja jafnræði bjóðenda og stuðla þannig að virkri samkeppni og hagkvæmni í opinberum rekstri. Viðast hafa verið settar nákvæmar reglur um framkvæmd opinberra innkaupa og réttindi bjóðenda varðandi aðgang að þessum markaði. Hins vegar er ljóst að betur má ef duga skal og að bein innkaup án útboða eru enn víða tíðkuð þrátt fyrir að tilgreint sé í lögum að innkaup yfir tilteknum viðmiðunarfráhæðum skuli aðeins fara fram að undangengnu útboði. Í Danmörku er áætlað að 8 af hverjum 10 innkaupum séu með þessum hætti. Þetta vandamál var m.a. til umræðu á nýlegum fundi fulltrúa ráðuneyta sem fara með yfirstjórn opinberra innkaupa á Norðurlöndunum.

Bein innkaup án útboðs fara yfirleitt fram með eftirfarandi hætti:

- Kaupandi hefur samband við tiltekinn birgi og semur beint um magn og verð.
- Keypt er meira magn af viðkomandi birgi en fyrirleggjandi samningar kveða á um.
- Samningar eru framlengdir án heimildar.
- Kaupendum skv. samningi er fjölgað án heimildar.

Innkaup með þessum hætti eru skýrt brot á lögum og því er afar mikilvægt að tekið sé á málum með afgerandi hætti. Í Noregi hefur verið skorin upp herör og hafa stjórnvöld og atvinnulífið skilgreint tiltekna aðgerðir til að bregðast við þessum brotum. Eftirfarandi skilyrði þurfa að vera til staðar:

- Nauðsynlegt er að tryggja skýrt lagalegt umhverfi sem kveður á um hvað er löglegt og hvað ekki.
- Gegnsei í opinberum innkaupum er nauðsynlegt til að tryggja nægjanlegar upplýsingar til bjóðenda.
- Eftirlit og viðurlög verða að vera skýr.
- Hvati til almenns eftirlit verður að vera fyrir hendi.

Það var niðurstaða norræna fundarins að leggja bæri áherslu á innra eftirlit, m.a. aukið hlutverk ríkisendurskoðunar, sektir og ógilding samninga til að taka á þessu vandamáli. Hér á landi er mikilvægt í framhaldi af lagasetningu í þessum málaflokki s.l. vor að aukin áhersla verði lögð á eftirlit og viðurlög við ólögmatum innkaupum.

Tekjur ríkissjóðs janúar-júlí		
12 mánaða breytingar,	2000-	2001-
%	2001	2002
Skatttekjur alls	7,0	4,0
Tekjuskattar	18,6	5,4
Tryggingagjöld	9,6	9,5
Eignarskattar	12,5	-2,2
Veltuskattar	-0,6	2,5
Tekjur alls	7,7	6,8

Gjöld ríkissjóðs janúar-júlí		
12 mánaða breytingar	2000-	2001-
%	2001	2002
Almenn mál	9,6	12,9
Félagsmál	19,1	12,7
Atvinnumál	23,0	5,9
Vaxtagjöld	22,5	7,8
Önnur útgjöld	53,2	4,0
Gjöld alls	20,2	10,7

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-júlí		
	2001	2002
M.kr.		
Tekjur umfram gjöld	-5.241	-13.734
Fr. lánsfjárfjöfnuður	-7.611	-7.520
Afborganir lána	-22.045	-19.876
Br. lánsfjárfjöfnuður	-38.406	-32.646
Lántökur	31.859	30.323
Greiðsluafkoma	-6.547	-2.323

Ýmsar helstu hágtölur		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga- september	8,4	3,1
Kjarnaverðb.- september	9,4	3,6
Launavísitala- júlí	8,1	6,6
Heildarvelta jan-apríl	10,8	10,8
Smás.velta jan-apríl	2,8	7,7
Atvinnuleysi- júlí	1,1	2,3